

## Úrskurður nr. 55/2008.

Í dag var hjá Tollstjóranum í Reykjavík kveðinn upp svofelldur

### Ú R S K U R Ð U R

**Kærandi:** A ehf.

**Kæruefni:** Tollflokkun á ZetaDisplay sýningarkerfi.

#### I. Kæra

Með bréfi, ódagsettu, sem barst embættinu þann 1. júlí 2008, kærir A ehf., ákvörðun tollstjórans í Reykjavík frá 14. maí 2008, um tollflokkun á vörum í sendingunni E LOM 12 05 8 SE GOT W015. Sendingin innihélt eftirfarandi vörur: Zeta spilari SC Lan; vörunúmer PL-9820R00 (hér eftir Zeta spilari), 24'' ZetaPro LCD; vörunúmer DP 42P-400 (hér eftir ZetaPro LCD), HDMI kapall 5m; vörunúmer EL-2097R00 (hér eftir kapall) og veggfesting fyrir skjá; vörunúmer ME-1065R0 (hér eftir veggfesting) en í sendingunni voru 4 einingar af hverri vöru fyrir sig.

#### II. Málsmeðferð

Málavextir eru þeir að 14. maí sl. móttók embættið aðflutningsskýrslu vegna fyrrgreindrar sendingar. Innflytjandi tollflokkaði sendinguna samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu sem raftæki í tollskrárnúmer (tnr.) 8518.9000 og sem móttökutæki í tnr. 8528.5100. Embættið gerði athugasemd við skýrsluna þann 16. maí sl. og tollflokkaði vörurnar í eftirfarandi tollskrárnúmer: Zeta spilari í tnr. 8521.9029, ZetaPro LCD í tnr. 8528.5900, kapall í tnr. 8544.4209 og veggfesting í tnr. 8529.9009. Þann 2. júlí sl. var sendingin tollafgreidd í samræmi við fyrrnefnda athugasemd embættisins.

Þann 1. júlí 2008 barst embættinu, eins og að ofan greinir, kæra vegna athugasemdar embættisins við tollflokkun fyrrnefndrar sendingar. Þann 29. júlí sl. óskaði embættið eftir frekari gögnum og upplýsingum varðandi vörunar frá kæranda. Eins var kæranda bent á þann möguleika að sækja um bindandi álit um tollflokkun skv. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005. Veittur var frestur til 12. ágúst sl. til að skila inn greinargerð varðandi kærana ásamt umbeðnum gögnum og varð kærandi við því þann 11. ágúst sl. Einnig skilaði kærandi inn sýnishorni af hluta vörunnar. Þann 19. ágúst sl. óskaði embættið eftir því að fá að skoða vörunar og var það samþykkt af kæranda samdægurs og bent á þær verslanir þar sem kerfið er í notkun. Einnig bauðst embættinu að skoða þær hjá kæranda. Starfsmenn frá embættinu könnuðu vöruna uppsetta í verslunum í framhaldi málsins.

### **III. Meginröksemdir kæranda**

Kærandi krefst þess að Zeta spilari og ZetaPro LCD verði tollflokkað í tnr. 8528.5100. Kærandi byggir kröfu sína á þeim gögnum sem lögð voru fram með kæru og eins á fordæmi annarra landa innan Evrópu að fella niður og endurgreiða vörugjöld. Jafnframt segir kærandi að fyrirtækið þurfi að fá ofangreindar vörur skráðar sem tölvubúnað til að vera samkeppnishæfir á markaði og vísar til skráningar í Evrópu og öðrum EFTA löndum. Kærandi staðhæfir að munurinn á verðum vegna breyttrar tollflokunar sé alltof mikill þar sem samkeppnisaðilar séu að nota tölvur og flakkara til sambærilegra lausna á markaðinum. Í gögnum máls sem fylgdu með kæru fylgdi meðal annars „*agreement on rules of origin (EEA joint committee)*“ og tölvupóstur frá framleiðanda þar sem fjallað er um að varan eigi að njóta tollfríðindameðferðar skv. framlögðum gögnum á innflutningi sínum. Kæra málsins beindist einungis að tollflokkun sendingarinnar en ekki að því hvort varan eigi að njóta tollfríðindameðferðar. Einnig beindist endurskoðun embættisins einungis að tollflokkun sendingarinnar en ekki á véfengingu upprunasönnunar og því er það ekki til umfjöllunar hér.

### **IV. Niðurstaða**

Um er að ræða sýningarkerfi fyrir verslanir sem er samansett úr skjá, stjórnboxi (ZetaPlayer), veggfestingum og VGA köplum. Stjórnboxið er nettengt þráðlaust í gegnum LAN búnað sem halar niður efni frá fyrirtækjum og auglýsingastofnum. Það tengist síðan skjánum þar sem

myndefnið birtist eins og því er raðað. Tækið tekur við myndbandsmerkjum (PAL, NTSC). Jafnframt er á búnaðinum VGA 15 pinna tölvutengi og DVI-D tengi (digital video input). Vörurnar komu í einni sendingu sem sjálfstæðir hlutir en kerfið starfar sem ein heild sem framkvæmir sameiginlegt verkatriði. Samkvæmt athugasemd 4. við flokk XVI. í tollskrá skal því flokka sendinguna sem eina heild. Í athugasemd 4 kemur fram að sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, skal hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis. Því telur embættið í ljósi framlagðra gagna að flokka beri sendinguna í eina heild í tnr. 8528.5900. Í 8528.5900 flokkast: „Skjáir og myndvörpur, án sjónvarpsmóttökubúnaðar; móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða flutningsbúnaði: aðrir.“

Upplýsingar frá framleiðanda styðja einnig niðurstöðu embættisins. Í tölvupósti frá framleiðanda ZetaDisplay, sem kærandi lagði fram, segir að í Noregi sé ZetaDisplay kerfið tollflokkað í tnr. 8528.59 og embættið telur þá tollflokkun rétta og samþykkir því kröfu kæranda um að vörurnar séu tollflokkaðar hér á landi eins og í Evrópu.

Ekki er hægt að taka til greina kröfur kæranda varðandi tollflokkun varanna sem lúta að þeim rökum að verðmunur sé á mismunandi tollfloknum sem hafi áhrif á samkeppnishæfi fyrirtækisins. Lögbundið er að færa skal vöru til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar en tollskráin er birt í viðauka I við tollalög nr. 88/2005 og er gerð í samræmi við vörunúmeraskrá Alþjóða tollstofnunarinnar. Reglur um túlkun skrárinnar eru birtar fremst í skránni. Meginreglan er sú að tollflokkun skal byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka. Einnig skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliða og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði skv. túlkunarreglu 6.

Með vísan til ofangreinds verður ekki fallist á kröfu kæranda um að Zeta spilari og ZetaPro LCD verði tollflokkað í tnr. 8528.5100 heldur að sendingin verði flokkuð sem ein heild í tnr. 8528.5900.

## ÚRSKURÐARORÐ

Embætti tollstjórans í Reykjavík afturkallar hér með ákvörðun um tollflokkun Zeta spilara í tnr. 8521.9029, ZetaPro LCD í tnr. 8528.5900, kapal í 8544.4209 og veggfestingu í tnr. 8529.9009 og úrskurðar, skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, að tollflokka beri sendinguna í heild sinni í tnr. 8528.5900.

### **Kæruréttur**

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstagningardegi bréfs þessa, sbr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.